

Spurningar / vangaveltur vegna endurskoðunar byggðaáætlunar

Tilgangur stöðumatsins (grænbókarinnar) er að vera grunnur að samráði um mat á gildandi byggðaáætlun og þeim áskorunum og lykil viðfangsefnum sem ný áætlun stendur frammi fyrir.

Samkvæmt lögum hefur byggðaáætlun eftirfarandi meginmarkmið:

- a) **Jafna aðgengi að þjónustu.** Sem felur m.a. í sér að grunnþjónusta er veitt sem mest í nærsamfélaginu og aðgengi að miðlægri þjónustu er gott.
- b) **Jafna tækifæri til atvinnu.** Sem felur m.a. í sér góða og öfluga innviði, svo sem fjarskipti, samgöngur og öryggi í raforkumálum sem grundvöll fyrir fjölbreytt atvinnutækifæri.
- c) **Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.** Sjálfbær þróun byggist á samspili efnahags-, félags- og umhverfislegra þátta og felur m.a. í sér að til séu öflug sveitarfélög með þjónustukjarna, góðu aðgengi að menntun, fjölbreyttu atvinnulífi, öflugri menningarstarfsemi og afþreyingu sem stuðlar að sem jöfnustu lífskjörum um land allt.

Þá skal í byggðaáætlun leggja sérstaka áherslu á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Til umræðu:

- Hvernig gengur stjórnvöldum að ná fram þessum markmiðum?
- Hverjir eru helstu styrkleikar gildandi byggðaáætlunar?
- Hverjir eru helstu veikleikar gildandi byggðaáætlunar?

Í aðgerðaáætlun gildandi byggðaáætlun eru 54 skilgreindar aðgerðir sem ætlað er að stuðla að framgangi þeirra markmiða sem fram eru sett í áætluninni.

Til umræðu:

- Er einhverjum aðgerðum ofaukið og á að felli niður? Ef svo, hvaða?
- Hvers konar aðgerðir eru líklegastar til að ná fram markmiðum byggðaáætlunar? Nefnið dæmi.

Í lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, nr. 69/2015 kemur fram að ásamt því að lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni skuli hún lýsa **samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera**. Þá er tilgreint að sóknaráætlanir landshluta skuli **taka mið af meginmarkmiðum byggðaáætlunar**, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Til umræðu:

- Hvernig hefur til tekist í samhæfingu byggðaáætlunar við aðrar áætlanir ríkisins annars vegar og sóknaráætlanir landshluta hins vegar?
- Hvaða áætlunum ætti byggðaáætlun að leggja mesta áherslu á að samhæfast?

Í alþjóðlegri umræðu um byggðamál, m.a. á vettvangi OECD og ESB (ESPN) er aukin áhersla á samspil þéttbýlis og dreifbýlis þegar kemur að því að stuðla að sjálfbærri þróun svæða/byggðarlaga. Sjá t.d. OECD Principles on Urban Policy <https://www.oecd.org/cfe/Brochure-OECD-Principles-Urban-Policy.pdf> og <https://rural-urban.eu/>

Til umræðu:

- Finnst þér að leggja eigi aukna áherslu á samspil þéttbýlis og dreifbýlis þegar kemur að byggðapróun? Ef já, hvernig? Ef nei, hver vegna ekki?
 - Hvað þarf til að gera byggðir sjálfbærar?
-

Fækkun íbúa á einstökum svæðum, lýðfræðilegir veikleikar, s.s. skekkt kynja- og aldurshlutföll, einhæft atvinnulíf, tæknibreytingar og þróun einstakra atvinnugreina, áhrif loftslagsbreytinga, samgöngur, aðgengi að þjónustu, alþjóðleg samkeppni um fólk og fyrirtæki, eru meðal þátta sem oft eru nefndir í umræðunni um þær áskoranir sem byggðarlög í dreifbýli standa frammi fyrir.

Til umræðu:

- Hverjar eru að þínu mati helstu áskoranirnar/lykil viðfangsefnin sem ný byggðaáætlun stendur frammi fyrir?
 - Hvernig er best að takast á við þær áskoranir/viðfangsefni?
 - Hvernig er hægt að efla samkeppnishæfni svæða?
-

Allar opinberar áætlanir þurfa að hafa raunhæfa mælikvarða til að meta árangur. Í gildandi byggðaáætlun voru í fyrsta skipti settir fram árangursmælikvarðar, tveir við hvert markmið.

A. Jafna aðgengi að þjónustu

- i. Hlutfall heimila/fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu.
- ii. Hlutfall þeirra sem eru í innan við 30 kílómetra fjarlægð frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun.

B. Jafna tækifæri til atvinnu

- i. Atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur á atvinnugreinasvæðum.
- ii. Fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum skilgreindur „án staðsetningar“.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt

- i. Framfærsluhlutfall. (hlutfall ungs fólks (19 ára og yngra) og eldra fólks (65 ára og eldra) af fólki á vinnualdri (20–64 ára).
- ii. Lýðfræðilegir veikleikar. (<https://byggdastofnun.data.is/account/public-report?id=b36b8664-016c-4ce5-ab26-b164cd2ce29c>)

Til umræðu:

- Útfrá ofangreindum þremur megin markmiðum, hvað eru góðir mælikvarðar á árangur byggðaáætlunar?
 - Hefur þú hugmynd/tillögu að nýjum/breyttum mælikvörðum?
-

Annað sem þú vilt koma á framfæri við endurskoðun byggðaáætlunar?